

Markmið:

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni.

Stærðfræðikennsla í grunnskóla á að stuðla að því að nemendur:

- tileinki sér það viðhorf að það sé gagnlegt að hafa stærðfræði á valdi sínu og með ástundun geti þeir náð tökum á henni,
- öðlist hæfni í að setja fram og leysa þrautir með hjálp stærðfræðinnar og leggja mat á eigin lausnaleyðir og annarra,
- öðlist hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og greina tengsl þeirra,
- öðlist hæfni í að nota tungumál stærðfræðinnar til að ræða um, færa rök fyrir og útskýra eigin tilgátur og annarra, útreikninga og niðurstöður,
- öðlist hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni.

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þó viðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu viðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

Kennsluáðferðir:

Innlögn, umræður, einstaklings- og paravinna, stöðvavinna, ýmiskonar myndræn útfærsla, tölvuforrit, einstaklingsmiðuð handleiðsla, leitandi nám, leikir og að lokum áhugasviðsbundið nám.

Kennslubækur /efni:

- Sproti 2a nemendabók og æfingahefti og Sproti 2b nemendabók og æfingahefti.

Tölvuforrit, ljósrit, veggspjöld, ýmis mælitæki, spil og leir. Bókaflokkur sem fær börn til að tengja stærðfræðina sem þau læra í skóla við daglegt líf: Ljósín í blokkinni, Stuð á stærðfræðisýningu, Safnið mitt, Dúndur strákurinn.

Námsmat vorannar:

- Þátttaka og vinnusemi
- Skrifleg próf: Kaflapróf og annarpróf
- Margföldunartöflur: læra utan af upp í fimmtutöflu.
- Þema- og áhugasviðsverkefni: Tengt daglegu lífi þar sem safna þarf upplýsingum, skrá og flytja niðurstöður.

Metanleg hæfniviðmið:

Spurt og svarað með stærðfræði:

- getur tekið þátt í samræðum um spurningar og svör stærðfræðinnar
- getur sett fram spurningar sem varða raunverulegar aðstæður
- getur notað áþreifanlega hluti, skýringarmyndir, talnalínur og myndrit bæði til að komast að niðurstöðu og til útskýringa

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar:

- getur túlkað og notað einföld stærðfræðitákn
- getur tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- getur notað hentug verkfæri, talnagrind, kubba, talnalínu, tölvur og fleira

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:

- getur unnið einn og í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna

Tölur og reikningur:

- getur unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0-20
- getur áttað sig á uppbyggingu tugakerfis s.s. einingu, tug og hundraði
- getur unnið með fjöldahugtakið á fjölbreyttan hátt
- getur unnið með hugtökin, helmingur, stærri og minni, færri og fleiri og jafnmargir

Algebra:

- getur haldið áfram með mynstur bæði myndrænt og talnarunur

Rúmfræði og mælingar:

- getur greint form í umhverfinu og þekkt rúmfræðiformin
- getur notað hugtök til að lýsa staðsetningu s.s. yfir, undir og fleira
- getur unnið með hugtökin dagur, vika mánuður og ár

Tölfræði:

- getur safnað og flokkað gögn í viðeigandi flokka og fundið fjöldann í hverjum flokki
- getur búið til einföld súlurit

Tímabil	Námsþáttur	Námsefni/verkefni/námsmat:	Metanleg hæfniviðmið.
22.-23. ágúst 22. Skólasetning 23. Uppbygging til ábyrgðar		Þemadagar: Uppeldi til ábyrgðar.	
26. – 30. ágúst 26. Uppbygging til ábyrgðar	Tölurnar 0 - 20	Sproti 2a Nem. Bls. 3. – 8. Stærðfræðileikir.	getur unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0-20
2. – 6. september	Tölurnar 0 - 20	Sproti bls. 9. – 14. Ljósrit.	getur unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0-20
9. – 13. September 12. Námskynningar	Tölurnar 0 - 20	Sproti bls. 15. – 20. Ljósrit. Talnalína.	getur unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0-20
16. – 20. september 16. ADRA Orð í verki 17. ADRA Orð í verki tvöfaldur dagur 18. ADRA Orð í verki	Tölurnar 0 - 20	Sproti 2b bls.21. -26. Ljósrit Talnalína	getur unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 0-20
23. – 27. september 27. Námsviðtöl	Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.	Sproti bls. 29. – 35. Kennsluþeningar. Talnalína.	getur tekið þátt í samræðum um spurningar og svör stærðfræðinnar, getur sett fram spurningar sem varða raunverulegar aðstæður, getur notað áþreifanlega hluti.

30. sept. – 4. október	Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.	Sproti bls. 36. – 43. Kubbar. Tölustafakubbar. Talnafína.	getur tekið þátt í samræðum um spurningar og svör stærðfræðinnar, getur sett fram spurningar sem varða raunverulegar aðstæður, getur notað áþreifanlega hluti.
7. – 11. október	Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.	Sproti bls. 44. – 53. Kubbar. Tölustafakubbar. Talnafína.	getur tekið þátt í samræðum um spurningar og svör stærðfræðinnar, getur sett fram spurningar sem varða raunverulegar aðstæður, getur notað áþreifanlega hluti.
14. – 18. október	Tölfræði	Sproti bls. 55. – 60. Ljósrit	getur safnað og flokkað gögn í viðeigandi flokka og fundið fjöldann í hverjum flokki, getur búið til einföld súlurit.
21. – 25. október 24. – 25. Haustfrí	Tölfræði og lengdarmælingar	Sproti bls. 61. – 68. Óstöðluð og stöðluð mælitæki	getur safnað og flokkað gögn í viðeigandi flokka og fundið fjöldann í hverjum flokki, getur búið til einföld súlurit. Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
28. okt. – 1. nóvember 28. Haustfrí	Lengdarmælingar	Sproti bls. 69. – 74. Óstöðluð og stöðluð mælitæki	getur unnið einn og í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna. Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
4. – 8. nóvember 8. Baráttudagur gegn einelti	Tölur upp í 100	Sproti bls. 77. – 83. Hundraðtafla	Notað tugakerfisriðhätt
11. – 15. nóvember	Tölur upp í 100	Sproti bls. 84. – 89. Ljósrit. Hundraðtafla	Notað tugakerfisriðhätt
18. – 22. nóvember	Tölur upp í hundrað	Sproti bls. 90. – 95. Hundraðtafla	Notað tugakerfisriðhätt
25. – 29. nóvember 27. Starfsdagur – Kósíkot opið	Tölur upp í hundrað og samlagning og frádráttur	Sproti bls. 96. – 104. Kennsluþeningar	Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
2. – 6. desember	Samlagning og frádráttur	Sproti bls. 105. – 110. Ljósrit. Spil	Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
9. – 13. desember	Samlagning, frádráttur og tími	Sproti bls. 111. – 119. Klukkan Spil	Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
16. – 20. desember 19. Litlu jól 20. Kirkjujól			



Jólafrí



23. desember 2024 – 6. Janúar 2025